Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.	Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.	Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.	Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.	Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.	Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.	

Kennsluefni og kennslugögn



Action– lesbók og vinnubækur, Enskafræðisáæfingar C, ýmis ljósrit og yndislestrarbækur.

Kennsluhættir og námsaðlögun

🏡 Áhersla er lögð á lestur og lesskilning og verður notast við fjölbreytta texta bæði úr Action og af netinu. Unnið verður með lesskilning samhliða lestrinum hverju sinni. Nemendur taka þátt í samræðum í kennslustundum um efni sem bæði tengist þeim persónulega og námsefninu sem fjallað er um hverju sinni þar sem þeir þurfa bæði að tjá sig, hlusta á aðra og sýna leikni sína í samskiptum. Hlustunaræfingar, samræður, paravinna og hópavinna þar sem nemendur segja frá efni sem tengist námsefninu og þeim persónulega. Ýmis ritunarverkefni unnin jafnt og þétt yfir skólaárið t.d. skrifa texta upp úr námsbókum, segja frá sjálfum sér, þýðing íslenska/enska–enska/íslenska og eyðufyllingar. Í innlögnum verður ensk málfræði tengd við íslenska til að auðvelda nemendum að skilja uppbyggingu tungumálsins. Kennari og nemendur nýta upplýsingatækni í náminu. Allir þessir kennsluhættir gera þá kröfu að nemandi sýni fjölbreytta námshæfni bæði sem einstaklingur og sem hluti af hóp.

Námsmat

🏡 Hæfni er metin út frá einstaklings- og hópverkefnum sem snúa að frásögn og samskiptum. Nemendur taka lesskilningspróf og hlustunarpróf. Málfræðikannanir eru teknar reglulega yfir skólaárið og auk þess skila nemendur ritunarverkefnum jafnt og þétt yfir skólaárið. Lagt verður mat á kynningar og frásagnir nemenda í kennslustundum og tekið verður mið af frammistöðu í kennslustundum.

Danska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðunum er skipt upp í þrjú stig með jafna tímaskiptingu að baki í stað þess að þau miði við hæfni við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Hæfniviðmið í dönsku skiptast í sjö yfirflokkana sem eru hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi sem og námshæfni. Hæfniviðmið flokkana eru svo útfærð nánar. Gert er ráð fyrir að við lok grunnskóla hafi nemendur náð hæfni á 3. stigi. Þessi þriggja stiga rammi á að auðvelda skipulag á einstaklingsmiðuðu námi, þar sem hæfni nemenda í færniþáttunum er mismikil, byrjunarreitur ekki sá sami hjá öllum og námshraði mismunandi.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 7. bekk

Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjörðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekkra staða.

Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur.



Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.	Fylgt meginþæði í einföldum frásögnum um kunnugt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingar í	Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmönningar sem er kunnugt úr heimi barna og unglínga og æreint frá því helsta.	Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.
Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.	Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.	Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.	Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.
Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.	Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.	Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eiginna texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.	Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
Samið stuttan texta frá eigin brjosti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.	Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.	Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.	Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.
Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sértilit á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.	Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.	Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.	

Kennsluefni og kennslugögn

- Start les- og vinnubók. Markmiðið verður einnig að komast yfir góðan hluta í Smart les- og vinnubók. Stuðst verður við kvikmyndir og tónlist, ásamt verkefnum af netinu og ljósritum frá kennara.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Nemendur eru flestir að læra nýtt tungumál. Mikilvægt er að nemendur fái í upphafi góða kynningu á tungumálinu. Þá er einnig mikilvægt er að nemendur finni fyrir öryggi í kennslustundum og þori að tjá sig og taka virkan þátt í tíma. Nemendur fá að prófa sig áfram og fá tækifæri til að beita málinu á mismunandi hátt og við mismunandi aðstæður. Kennari skal leggja áherslu á að rifja upp og endurtaka sig, einnig að útskýra bæði á dönsku og íslensku. Unnið verður með einstaklings- og hópverkefni. Kennari mun leitast eftir að aðlaga námsefni fyrir þá nemendur sem þessa þurfa þannig að allir nemendur fái nám við hæfi og öðlist sjálfstraust og þroska í dönsku.

Námsmat

- Leitast er við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda sem metin er út frá aðalnámskrá grunnskóla. Námsmat er byggt á einstaklings-, para- og/eða hópverkefnum. Ritun og stuttar kannanir verða reglulega yfir skólaárið s.s. í hlustun, lesskilningi og orðaforða. Vinnubók fellur einnig undir námsmat sem og þátttaka í kennslustofu. Lokamatí maí verður gefið í bókstöfum.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan samþætt með ofangreindum þáttum en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá kennslu á að matreiða matinn á fjölbreyttan hátt og þekkingu á þeim næringarefnum sem tilheyrja hverjum fæðuflokk.



Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 7. bekk

Gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavænd.	Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.	Skilið og rætt mismunandi umbúðarmerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.	Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla.
Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.			

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.	Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.	Greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau.	Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.	Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best.	Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.	Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnuvæði.
Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.	Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.	Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.	Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúshöld.

Kennsluefni og kennslugögn

Gott og gagnlegt 3 fyrir 7. bekk ásamt ljósrituðu efni frá kennara.

Kennsluhættir og námsaðlögun

Kennari og eða stuðningsfulltrúi aðstoða nemendur sem þurfa á því að halda. Unnið er bæði í einstaklings- og hópavinnu, bæði verklega og bóklega.

Námsmat

Nemandinn er metinn út frá frammistöðu í tímum bæði bóklegru og verklegri.

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera eða breyta hugmynd eða hlut, t.d með tilliti til útlits eða virkni eða vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa móttandi áhrif á umhverfi sitt.



Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 7. bekk

Gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd.	Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.	Skilið og rætt mismunandi umbúðarmerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.	Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla.
Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.			

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.	Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.	Greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau.	Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.	Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best.	Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.	Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.	Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.	Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.	Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúshöld.

Kennsluefni og kennslugögn

- Efni af vef, handbækur og blöð.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Fyrirlestur/innlögn í upphafi annar.
- Sýnikennsla (einstaklings-/hópakennsla) sem á sér stað yfir alla önnina og tekur mið af því hvernig verkefni og vinna nemenda þróast hverju sinni.
- Einstaklingskennsla með áherslu á sjálfstæð vinnubrögð.
- Samvinnunám þar sem nemendur eru með hvatningu styrktir til að aðstoða hvern annan, hlusta og skiptast á skoðunum.
- Umræður er stór þáttur í allri hugmyndasköpun, skipst er á skoðunum og leiðir kennari nemendur í gegnum umræður sem einkennast af gagnrýnni hugsun.
- Áhersla er lögð á virðingu, ábyrgð og vinsemd.

Námsmat

- Námsmat byggist á símati kennara.
- Mati nemenda á vinnu sinni.
- Nemendur fá jafnóðum hvatningu og vitneskju um árangur sinn.

Myndlist

Hæfniviðmið

Í myndlist læra nemendur að tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýnninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunarfyllsins.



Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 7. bekk

Beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.	Byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, ramsóknun og reynslu.	Fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur.	Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.
Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina.	Unnið hugmynd fráskissu að lokaverki bæði fyrir tvi- og þrívíð verk.	Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.	

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.	Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.	Gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinnna verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð.	Greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu.
Greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverka.	Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.	Hagnýtt lækni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.	Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.	Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.	Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.	Tekið tillit til annarra í hópvinna og sýnt frumkvæði.
Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.			

Kennsluefni og kennslugögn

- Lesefni:* The Usborne Book of Art Skills, Art in Action, Listasaga, Frá Hellalist til 1900.
- Efni á netinu:* Mrs Brown art lessons, National Gallery of art og Tate Kids.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Umræður, hópavinna, einstaklingsvinna, teikning og málun.

Námsmat

- Óformlegt mat kennara á vinnu nemenda: Kennari fylgist með ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans.
- Fullklárað lokaverkefni sem uppfyllir markmið námskeiðsins.
- Teikniblokkir: Veita nemendum tækifæri til að skrá hjá sér hugsanir sínar með teikningum, pári eða einföldu kroti og glósum til viðbragðs við nýjum hugtökum sem farið er hugsanlega yfir í tímum.

Textílmennt

Hæfniviðmið

Textílmennt þjálfar nemendur í rýmisgreind, mynsturgerð, hugmyndagerð og sköpun. Einnig í samvinnu, þrautseigju og elju. Hvernig við umgöngumst vinnustað og tæki hans. Unnin eru fjölbreytt verkefni þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta sín, tjá sig með hugmyndir sínar með efnisvali eða skreytingum á verkefnum.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 7. bekk

Gert grein fyrir helstu hugökum sem tengjast viðfangsefni hans.	Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina.	Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.	
---	---	---	--




Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.	Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.	Fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum.	Fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni.
Gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.	Gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna.	Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.	Hagnýtt lækni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.	Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla.	Nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.	Sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir.
Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.	Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.	Unnið með einföld snið og uppskriftir.	Útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum.
Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.			

Kennsluefni og kennslugögn

-  Bækur, snið, myndir og myndbönd. Saumavél og önnur verkfæri sem tilheyra textílmennt.

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Lausnarleitamám, bein kennsla, samvinnunám, hugmyndavinna, sköpun og spuni, leitaraðferð, tjáning, umræður og miðlun.
-  Þeir nemendur sem klára verkefnið fyrir fá aukaverkefni.
-  Þeir nemendur sem vinna hægar fá auka aðstoð.

Námsmat

-  Vinna nemanda er metin út frá hæfniviðmiðum og símati. Lokanámsmat er gefið í bókstöfum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Hæfniviðmið

Í upplýsinga- og tæknimennt eru hæfniviðmið aðalnámskrár sett fram í fimm flokkum en mikilvægt er að líta á þau sem heild. Hæfniviðmiðin eru vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla, tækni og búnaður, sköpun og miðlun auk siðferði og öryggismál.




Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 7. bekk

Beitt réttí fingrasetningu.	Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tödlulegra gagna.	Nýtt hugbúnað/forrit við veðsmíðar.	Unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá.
Verið gagnrýnn á gæði ýmissa upplýsinga.			


Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.	Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.	Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða.	Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.
Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.	Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.	Ýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.	


Kennsluefni og kennslugögn

-  Fingrasetningaræfingar. Vinna inn á Google Classroom. Unnið verður með Google Docs, Sheets, Forms, Sites og Slides.

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Kennsla fer fram í formi innlagna og verklegra æfinga. Stundum fá nemendur stutta fyrirlestra og útskýringar um verkefni sem þau þurfa að vinna.

Námsmat

-  Kennari fylgist með að nemandi vinni þau verkefni sem á að vinna. Nemandi skilar verkefnum til kennara inn á Google Classroom þar sem hann fer yfir og aðstoðar við að betrubæta. Fingrasetningarverkefni.

Skólaþróttir

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.



Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.	Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífemis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.	Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni. Beitt helstu atriðum skynðihjálp, endurlífgun og bjargað.	Gert æfingar sem reyna á loftháðþol.
Gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols.	Notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum.	Nýtt niðurstöður prófa til að setja sér skammtíma- og langtíamarkmið í íþróttum og heilsuækt og unnið að þeim.	Rætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalímyndir í íþróttumfjöllum og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.
Skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt.	Synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka.	Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttgreinum.	Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla lífsanda.
Tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.	Tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu.	Útskýrt misjafnan líkamlegan þroska einstaklinga og kynja.	

Kennsluefni og kennslugögn

- 🏡 Öll almenn áhöld íþróttahúsa og sundlauga.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- 🏡 Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu.
- 🏡 Kennari kennir nemendum ákveðna færni í hinum ýmsu æfingum svo námsmarkmið árgangsins náist. Síendurteknar æfingar með hliðsjón af námsmarkmiðunum eru lykillinn að því að þau náist.
- 🏡 Æfingarnar geta verið einstaklingsmiðaðar þar sem nemandinn vinnur einn eftir fyrir mælum kennara og einnig para og/eða hópaverkefni þar sem fleiri nemendur vinna saman í hópum.
- 🏡 Dæmi um para-/hópaverkefni er þegar nemendum er skipt upp í lið sbr. tvö lið í fótbolta, eða þegar tveir nemendur eru láttnir vinna saman í stöðvaþjálfun.

Námsmat

- 🏡 *Íþróttir – metin verður hæfni með: Framúrskrandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.*
- 🏡 Hæfni í eftirfarandi verklegum þáttum verður metin: Þolpróf, sipp, langstökk án atrennu, armbeygjur, liðleiki og jafnvægi.
- 🏡 Áhugi og virkni verður metin:
 - Framúrskarandi - Alltaf áhugasamur og virkur í kennslustund.
 - Hæfni náð - Oft áhugasamur og virkur í kennslustund.
 - Þarfnast þjálfunar - Sjaldan áhugasamur og virkur í kennslustund.

- 🏡 *Sund - nemendur fá einkunn: Lokið – Ólokið.* Nemandi fær lokið ef hann líkur sundstigi á árinu. Hæfnimat í formi verklegra prófa jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur þurfa að ná hæfni í að minnsta kosti fimm af sex hæfniþáttum í verklegum prófum til að ná 7. sundstigi.
 1. 300 m bringusund, tímamörk; synt á minna en 10 mín.
 2. 50 m skólabaksund (stílsund, einkunn gefin).
 3. 15 m björgunarsund með jafningja (stílsund, einkunn gefin).
 4. 8 m kafsund (stílsund, einkunn gefin).
 5. Sund í fötum.
 6. Val um 50 m bringusund (tímataka) eða 25 m skriðsund (tímataka).

Áhugasviðsverkefni - val

Hæfniviðmið


Nemendum á miðstigi er skipt í hópa þvert á árganga. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólustarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp.

Námsflokkar	Hæfniviðmið
Markmiðasetning	Nemendur setja sér markmið og fylgja hugmyndum sínum eftir
Vinnubrögð	Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð


Kennsluefni og kennslugögn

 Eftir þörfum hvers og eins.

Kennsluhættir og námsaðlögun

 Nemendamiðuð kennsla. Kennari er í hlutverki aðstoðarmanns og nemandinn setur sér markmið og fylgir þeim eftir.

Námsmat

 Lokið/ólókið. Metið verður í nóvember og maí en þá kynna nemendur verkefni sín

Tónmennt


Hæfniviðmið

Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómmum, túlkun og formi til að nemendur geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl nónlistar, gert sér grein fyrir gildi og notið hennar. Tónlist er tengd öllu skólustarfi og því samþætt við aðrar námsgreinar.


Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun.	Tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrndur og skrásett hæð.	Greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni.	Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra.
Greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og röksutt hana.	Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð eða tónverk.	Greint og útskýrt samhengi tónlistar og ólík tónlistarstilbrigði og tengt við þá menningu sem hann er sprottinn úr.	


Kennsluefni og kennslugögn

 Námsgögn frá kennara.

Kennsluhættir og námsaðlögun

 Umræður, hópavinna, einstaklingsvinna og söngur.

Námsmat

 Virkni og frammistaða í tímum, einstaklings- og hópaverkefni.



Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum. Verið er að endurskoða og betrumbæta hvernig nálgast á viðfangsefnið. Bekkjarnámskrá verður uppfærð um leið og þeirri vinnu er lokið. Áætluð verklok er á skólaárinu 2022 – 2023.